



Framkvæmdahópur um byggingu sundlaugar 10. maí 2010.

Fundur var haldin í Framkvæmdahóp um byggingu sundlaugar mánudaginn 10. maí 2010, kl. 11:00 að Hnjúkabyggð 33. Mæting er samkvæmt undirskriftum. Ágúst Þór Bragason setti fundinn og stjórnaði honum.

Málefni:

1. Verkstaða ýmissa verkþátta.
2. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Verkstaða ýmissa verkþátta:

- Verið er að ljúka vinnu í anddyri og innréttingum þar. Eftir er að mála lokaumferð, ganga frá rafmagni og hluta af innréttingum. Stefnt er að því að ljúka því í þessari viku.
- Rætt um girðinguna umhverfis sundlaugarsvæðið. Uppsetning hennar hefst fljótlega.
- Lokið verður við síðustu steypu á efri plötu á morgun.
- Undirstöður undir rennibraut verða steiptar í vikunni.
- Lokið verður við nýju búningsklefana í vikunni og verða þá eldri klefar teknir í gegn og endurnýjaðir.
- Stefnt er að því að reynslukeyra sundlaugarkerfin í síðustu viku í maí. Opnun laugarinnar verður því fljótlega í júní.

2. Önnur mál voru engin.

Fleira ekki bókað og fundi slitið kl. 12.00.

Valgarður Hilmarsson
Guðmundur Haraldsson
Stefán Árnason

Ágúst Þór Bragason